

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 3. febrúar 2025 kl. 20:00.

Þrátt fyrir vonda veðurspá mættu 40 konur til fundar og var notaleg stemming í salnum.

Formaður setti fund og stjórnaði honum. Hún óskaði öllum gleðilegs árs á þessum fyrsta fundi ársins.

Kaffinefndinni var klappað lof í lófa fyrir veitingarnar en í nefnd að þessu sinni voru þær Helga Jóna Óðinsdóttir, Helga Ósk Friðriksdóttir, Sigríður Friðriksdóttir og Guðsteina Hreiðarsdóttir. Guðríður Stefánsdóttir var einnig í nefndinni en komst ekki til fundar vegna veðurs. Elísabet Magnúsdóttir útbjó brauðtertur á kaffihlaðborðið, líkt og áður og formaður lagði einnig til veitingar.

Áður en gengið var til dagskrár og veitinga þá tóku fundarkonur lagið, undir stjórn þeirra systra, Oddnýjar Völu og Höllu, enda þorinn yfirstandandi og við hæfi að þenja aðeins söngroddina.

Vopnfirðingurinn Elísabet Reynisdóttir næringarfræðingur talaði inn í hjörtu viðstaddra um ýmsa þætti sem geta bætt okkar lífshætti og líðan. Hún kynnti bók sína **Þú ræður**, sem gefin var út á síðasta ári og inniheldur þrautreyndar leiðir fyrir einstaklinga sem vilja bæta eigin heilsu. Urðu frábærar umræður á fundinum um ýmislegt sem betur má fara varðandi það sem við setjum ofan í okkur og það sem er á boðstólum fyrir okkar besta fólk í mötuneytum, t.d. í skólum og á heilbrigðisstofnunum. Konurnar í félaginu búa yfir margvíslegri reynslu og mikilli þekkingu og var samtalið því dýrmætt. Beta lauk máli sínu með því að bjóða öllum félagskonum á fræðsluerindi sitt í húsnæði Hjálpræðishersins 5. febrúar nk.

Elísabet Magnúsdóttir félagskona átti merkisafmæli á milli funda en hún varð 70 ára 30. desember sl. Afhenti formaður henni hefðbundinn glaðning frá félaginu við það tækifæri, rós og heklaðan englavæng ásamt góðum kveðjum og þökkum frá félaginu.

Sigurbjörg Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður félagsins, steig í pontu og þakkaði félagskonum innilega fyrir veitta samúð, samúðarskreytingu og stuðning vegna fráfalls Jóhannesar eiginmanns hennar, sem studdi ætíð dyggilega við starf félagsins með ýmsum hætti í gegnum árin.

Halla fór lauslega yfir ýmis hagnýt atriði fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður 3. mars nk. en allar upplýsingar hvað hann varðar verða birtar á miðlum félagsins með góðum fyrirvara. Meðal annars var rætt um styrkveitingar, árgjald til félagsins og aðgangseyri að fundum félagsins. Árgjald félagsins þarf að ákveða á aðalfundinum en það er í höndum stjórnar að hækka aðgangseyrinn að fundunum. Voru fundarkonur samþykkar því að hækka aðgangseyri á félagsfundi um kr. 500 eða upp í 2.500 kr.

Eins var stuttlega rætt um mögulega áfangastaði fyrir vorferð félagsins í maí nk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.